



Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík

Reykjavík, febrúar 2015

Varðar drög að aðgerðaráætlun vegna Hvítbókar þriggja verkefnahópa:

- **um eflingu læsis**
- **um endurskipulagningu námstíma á framhaldsskólastigi**
- **um umbætur í starfsmenntun.**

Alþýðusamband Íslands sendi í lok árs 2014 inn áherslur og athugasemdir ASÍ vegna fyrirhugaðra breytinga á starfsmenntun og aðgerðaráætlunar um námstíma, í tengslum við *Hvítbók um umbætur í menntun*. Ekki voru sendar inn athugasemdir um læsið þar sem fulltrúum ASÍ var ekki boðin þátttaka í þeirri vinnu. Athugasemdir ASÍ eru afrakstur nokkurra funda aðildarfélaganna ASÍ, þar sem farið var ítarlega í þá þætti sem sambandið vill leggja áherslu á. Margar góðar ábendingar komu fram á þessum fundum og þær virðast flestar hafa ratað inni aðgerðaráætlun verkefnahópanna tveggja, sem er vel.

Alþýðusambandið fangar því samráði sem sett var af stað eftir útkomu Hvítbókar, en áður höfðum við gagnrýnt að lítið sem ekkert samráð var haft við Alþýðusambandið og aðildarsamtök þess við gerð Hvítbókarinnar og hvernig fulltrúum samtaka launafólks var haldið utan við verkefnahópana sjálfa, sem nú hafa skilað aðgerðaráætlun.

Það sem hér kemur á eftir eru þær áherslur sem Alþýðusambandið vill áréttta, ábendingar um þætti sem nauðsynlegt er að skýra frekar og spurningar sem nauðsynlegt er að fá svör við er varða stefnumótun og umbætur í starfsmenntun á framhaldsskólastigi og endurskipulagningu námstíma. Þá er í lokin ábending varðandi eflingu læsis sem mikilvægt er að taka tillit til.

Áður en lengra er haldið er rétt að taka fram að tillögur um náms- og starfsráðgjöf sem eru mikilvægar fyrir heildarmyndina liggja ekki ennþá fyrir. Alþýðusambandið leggur áherslu á að þegar þær liggja fyrir verði þær settar í samráðsferli með sama hætti og önnur vinna á grunni Hvítbókarinnar. Út frá áherslunni á eflingu starfsnámsins og hagsmunum þeirra nemenda sem það stunda er mikilvægt að horfa til þess að einstaklingum sem aflað hafa sér fagmenntunar á tilteknum sviðum verði gert mögulegt að sækja sér fræðslu á sviði náms- og starfsráðgjafar með hliðstæðum hætti og kennsluréttindanam fyrir fagfólk úr iðngreinum.

Drög að aðgerðaráætlun: STARFSMENNTUN

Markmið 1

Fyrsta markmið aðgerðaráætlunar lýtur að því að koma á markvissu og skilvirku starfsnámi sem höfðar jafnt til yngri sem eldri nemenda. Í upptalningu markmiða eru margir efnisþættir

sem eru í fullu samræmi við ábendingar og athugasemdir sem Alþýðusambandið hefur sett fram á fyrri stigum. Hér má nefna atriði eins og áhersluna á starfsnámsferlið gagnvart nemendum, innleiðingu ferilbóka og skilvirkara nám á grundvelli ferilbóka. Nokkrir þættir kalla hins vegar á frekari umfjöllun og skýringar, auk þess sem sú spurning vaknar hvort ekki eigi að tilgreina ábyrgðaraðila í öllum liðum áætlunarinnar.

- Í lið 1. b. er fjallað um að „*bjóða upp á nýja inngönguleið í fjölbreytt og aðlaðandi starfsnám sem höfðar til breiðari nemendahóps þar sem sérstök áhersla er lögð á að styrkja einstaklinginn til áframhaldandi náms.*“ Hér er nauðsynlegt að skýra betur við hvað er átt. Hvernig er þessi nýja „inngönguleið“ hugsuð og fyrir hverja? Í hverju er hún frábrugðin því sem nú gildir?
- Í lið 1.c. er fjallað um að „*Koma á inngönguleiðum í starfsnám jafnt í gegnum skóla sem vinnustaði.*“ Hér verður að skýra betur hvað átt er við. Á að fjölga námsleiðum og þá með hvaða hætti? Er verið að tala um raunfærnimat?
- Í lið 1. f. er talað um að „*Tengja allar útgönguleiðir við ákveðnar hæfnikröfur starfa og starfslýsingar sem unnar eru í samráði við atvinnulífið. Tryggja þarf að hver útgönguleið opni fyrir möguleika á áframhaldandi námi.*“ Ljóst er að hér er um viðkvæmt mál að ræða sem valdið getur átökum og ágreiningi og því mikilvægt að skýrt sé við hvað er átt og hvernig þessi hugsun fellur að núgildandi reglum. Er hér verið að fjalla um ákveðna áfanga, eða sveigjanleika milli kerfa? Er hugsunin sú að bjóða upp á nýjar námsbrautir og þá hvernig? Hvernig tengist þessi hugsun hæfniprepunum?
- Hvað varðar lið 1. g. vill Alþýðusambandið nota tækifærið og áréttu afstöðu sína um að byggja eigi á heildstæðum hæfniramma á 8 þrepum. Um skýringar og rök vísast til tillagan starfshóps á vettvangi framhaldsfræðslunnar sem skilað hefur álit til mennta- og menningarmálaráðuneytisins.
- Í lið 1. h. er fjallað um aðgangsstýringar inni ákveðnar greinar starfsnáms. Hér er mikilvægt að áréttu að slík aðgangsstýring þarf að liggja til grundvallar vönduð greining á þörfum atvinnulífsins til skemmri og lengri tíma. Í öðrum löndum Evrópu er slík greining byggð á spárlíkönum um þörf fyrir hæfni á vinnumarkaði sem eru í stöðugri þróun á Evrópuvísu, auk frekari upplýsinga og greininga í hverju landi fyrir sig. Þá þarf að skilgreina hæfnikröfur í starfsnámi í samstarfi við atvinnurekendur, samtök launafólks og aðra fagaðila.
- Í lið 1. i. er fjallað um uppbyggingu menntaklasa eftir landssvæðum. Hér þarf að leggja áherslu á að allir hafi jafna möguleika á að sækja sér menntun á öðrum svæðum en í heimabyggð ef vilji er til þess og tryggja að ekki megi afmarka og hefta aðgengi að námi. Þá mega slíkir klasar ekki leiða til þess að námsframboð verði of einsleitt.

Markmið 2

Annað markmið aðgerðaráætlunar fjallar um að efla vinnustaðanám og skapa aðstöðu fyrir alla nemendur til að ljúka sínu námi. Hér skal tekið undir það sem segir um “opna samninga”, ferilbækur sem hluta af símati, markvissa þjálfun leiðbeinenda, styrkingu Vinnustaðanámssjóðs og að skilgreindir verði ákveðnir tengiliðir innan skólanna. Það er þó tvennt sem þörf er á að fjalla nánar um og skýra.

- Í lið 2. c. er talað um að styrkja Vinnustaðanámssjóð án þess að það sé útfært frekar. Mikilvægt er að Vinnustaðanámssjóði verði tryggður fastur tekjustofn svo að hann verði ekki háður afgreiðslu fjárlaga hverju sinni. Þá þarf að útfæra betur hvaða skilyrðum styrkir úr sjóðnum skuli bundnir og hvort og þá með hvaða hætti stuðningur úr sjóðnum verði tengdur áherslum byggðum á þarfagreiningu og mannaflaspám, sbr. umræðuna undir lið 1. h. hér að framan.
- Í lið 2. e. er fjallað um að skilgreina þurfi „skólaleið“ til að tryggja að nemendur geti lokið námi sínu. Alþýðusambandið varar mjög við og hafnar slíkri leið. Hvoru tveggja er að samkvæmt skilgreiningu á starfsnámi getur ekkert verið til sem heitir „skólaleið“. Þá er mikil hætta fólgin í því að opna á slíka leið þar sem hún getur leitt til þess að afsláttur verði gefin á þeim kröfum sem gerðar eru starfsnáms.

Markmið 3

Markmið þrjú tekur á uppbyggingu fagháskólastigs sem hefur verið mikið í umræðunni og hefur ASÍ lagt mikla áherslu á að koma því á. Því fögnum við þessu markmiði aðgerðaráætlunar og viljum leggja áherslu á að móta skýra sýn varðandi fagháskólastigið og hvernig því verður best komið á. Þar verði þróaðar námsleiðir í samvinnu starfsmenntaskóla, háskóla og atvinnulífs þar sem nemendum sem lokið hafa námi í tilteknum starfstengdum greinum á framhaldsskólastigi er gefinn kostur á að halda áfram frekara námi á 4. – 6. þrepi.

Það eru fjölmörg rök sem mæla með því að hér á landi verði með markvissum hætti byggt upp fagháskólastig. Í fyrsta lagi er fagháskóli (í mörgum greinum) „forsenda“ styttingar verk- og starfsnáms á framhaldsskólastigi. Það felur í sér að tiltekinn hluti þess náms sem nú er á framhaldsskólastigi flyst yfir á fagháskólastig. Í öðru lagi hefur lengi verið þörf á að bjóða upp á hagnýtt viðbótarnám fyrir einstaklinga sem lokið hafa starfsnámi á framhaldsskólastigi, sem nýtist einstaklingunum og atvinnulífinu.

Við uppbyggingu fagháskólastigsins má að einhverju leyti nýta nám sem þegar er til staðar hér á landi (fagháskólastig verslunargreina gæti t.d. auðveldlega verið á Bifröst). Einnig má leita í smiðju nágrannaþjóðanna sem hafa langa reynslu af uppbyggingu og rekstri slíks náms.

Alþýðusambandið áréttar þar til viðbótar eftirtalda þætti.

- Varðandi lið 3. a. ítrekum við það sjónarmið sem áður hefur komið fram varðandi 8 þrepa hæfniramma. Þá áréttum við að hæfniþrepi eigi að skilgreina hæfnina – en ekki hvar henni er náð, hve lengi er verið að ná henni eða hvernig.
- Varðandi lið 3. b. viljum við sérstaklega árétta að nám sem stundað er í fagháskólum og hefðbundnum háskólastofnunum á að metast með sama hætti á grundvelli hæfniviðmiða. Því á aðeins að vera til einn hæfniramma fyrir allt nám.

Markmið 4

Í markmiði fjögur er fjallað um að koma á skilvirkri stjórnsýslu starfsmenntamála. Við viljum árétta fyrri umsögn ASÍ um Hvítbókina er varðar m.a. starfsgreinaráðin. Við skipulagningu og framkvæmd þarf að horfa til þess að samþætta væntingar og hagsmuni nemenda og atvinnulífs, auka verklega þáttinn í starfsmenntun almennt og samþætta bóklega og verklega hluta námsins. Samstarf fyrirtækja og fræðsluaðila um starfstengt nám þarf að auka til að efla vinnustaðapátt

námsins og tengingu við atvinnulífið. Með starfsemi ráðanna er leitast við að efla tengsl starfsmennta og atvinnulífs. Starfsgreinaráðin eru mikilvægur vettvangur til að atvinnulífið geti komið sínum sjónarmiðum og áherslum á framfæri og fylgt þeim eftir. Allar námsskrár í starfsmenntun eiga að fara til staðfestingar í starfsgreinaráðunum. Tryggja þarf aðkomu þeirra aðila sem málið varðar, þ.e. fræðslustofnana, samtaka launafólks og samtaka atvinnurekenda og þar verði höfð í heiðri sú meginregla að *réttindi og skyldur – ábyrgð og framkvæmd* fylgist að.

Varðandi einstaka liði undir markmiði 4 tekur Alþýðusambandið fram eftirfarandi:

- Liður 4. a. Fagna ber þessari markmiðssetningu og hvetur Alþýðusambandið eindregið til þess að henni verið hrint í framkvæmd sem fyrst, enda löngu tímabært.
- Hvað varðar lið 4. e. leggur Alþýðusambandið sérstaka áherslu á að starfsgreinaráðin verði vel tengd atvinnulífinu og því sem þar fer fram. Slíkt er forsenda öflugs og skilvirks starfs af þeirra hálfu. Jafnframt er mikilvægt að starfsgreinaráðin fái þann fjárhagslega og faglega stuðning sem nauðsynlegur er til að þau geti sinnt sínum verkefnum sem best.
- Í lið 4. h. er talað um að „*byggja upp miðlæga upplýsingaveitu varðandi starfsnám*“. Nú þegar hefur verið settur af stað upplýsingavefur www.naestaskref.is. Vefurinn er ein af afurðum IPA verkefnis Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins "Þróun raunfærnimats til að efla starfshæfni fullorðinna með litla formlega menntun". Mikilvægt er að byggja ofan á þann grunn sem þegar hefur verið lagður og tryggja opinbert fjármagn til að viðhalda og reka vefinn. Þróa þarf og nýta raunfærnimat fyrir einstaklinga sem hafa aflað sér hæfni á vinnumarkaði.
- Orðalag í lið 4. j. „*Endurskoðun á hlutverki þjónustuaðila taki mið af aðgerðaráætlun um umbætur í starfsmenntun*“ þarfnast nánari útskýringar. Hvað er átt við hér?
- Hér þarf að bæta við einum lið sem fjallar um eftirlit með því að nám og kennsla sé af þeim gæðum sem gera verður kröfur um. Við núverandi aðstæður er í reynd enginn sem ber ótvíræða ábyrgð á og hefur eftirlit með gæðum í starfsmenntun frekar en öðru námi meðan á náminu stendur. Þetta snýr m.a. að því að fylgja því eftir að skólarnir séu að vinna eftir þeim námsskrám sem þeir segjast vera að vinna eftir.

Markmið 5

Alþýðusambandið fagnar sérstaklega markmiði 5, að fjölga nemendum sem velja starfsnám. Til að ná markmiðinu um að hækka hlutfall þeirra nemenda á framhaldsskólastigi sem ljúka námi á tilsettum tíma, eins og sett er fram í Hvítbókinni, verður að tryggja mun betur en nú er samfellu í starfsmenntun. Það er forsenda þess að markmiðið nái jafnt til nemenda í starfsnámi og í hefðbundnu bóknámi.

Alþýðusambandið leggur einnig áherslu á að auka þarf náms- og starfsráðgjöf fyrir nemendur varðandi námsval og auka stuðning við þá meðan á náminu stendur, til að koma í veg fyrir brotthvarf. Ungt fólk í dag þarf að hafa aðgang að ráðgjöf og upplýsingum um náms- og starfsmöguleika á einum stað. Hafa þarf í huga að ein af ástæðunum fyrir því að nemendur ljúka ekki framhaldsskóla á tilsettum tíma er að þeir fá ekki nægjanlega ráðgjöf, þeim er ekki leiðbeint á réttar námsbrautir, miðað við hæfni þeirra og áhugasvið. Móta mætti skýra mynd

(myndræna) af inngönguleiðum í starfsnám þar sem markmið námsins koma skýrt fram ásamt starfslýsingu.

Gagnlegt væri að gera reglulega áhugasviðsgreiningu hjá nemendum í efri bekkjum grunnskóla. Þá væri einnig æskilegt að koma á samræmdum prófum eða mati á getu nemenda á sviði verk-, starfs- og tæknigreina. Með samræmdu mati væri þeim greinum gert hærra undir höfði en nú er. Eins og staðan er núna er um of einblínt á bóklegu greinarnar í efstu bekkjum grunnskóla.

Drög að aðgerðaráætlun: NÁMSTÍMI

Verkefnahópurinn um námstíma leggur ekki fram neinar tillögur til aðgerða hvað varðar styttingu starfsnáms en leggur áherslu á að námstími í starfsnámi verði almennt styttri en nú er.

Við viljum því áréttta áður innsendar athugasemdir.

- Að tryggja að endurskoðun starfsmenntunar á framhaldsskólastigi, skilgreining á hæfniprepum og stytting náms þar sem það á við, verði unnin samhliða styttingu bóknámsins.
- Að tryggt verði að námið hér uppfylli alþjóðlega staðla og kröfur.
- Að tryggja að þeir sem eru 25 ára og eldri hafi greiðan aðgang að starfsmenntun.

Þegar kemur að starfsmenntun, a.m.k. hvað varðar löggiltu iðngreinarnar, er þessi vinna mun skemur á veg komin og víða ekki hafin og óljóst hvort hægt verði að stytta allt nám miðað við núverandi kennslumagn og hæfnikröfur og það er alls ekki víst að það sé yfirleitt æskilegt.

Framangreind stytting hlýtur að koma til skoðunar í starfsmenntun á framhaldsskólastigi. Mikilvægt er að þessi vinna hefjist sem fyrst, enda er ekki líklegt að það auki áhuga nemenda á að velja sér starfsmenntun ef skipulögð námslok eru seinni en í hefðbundnu bóknámi. Þó verður að huga að því að ekki er sjálfgefið að stytta eigi starfsnám, þrátt fyrir styttingu til stúdentsprófs. Nú þegar er starfsnám mislangt eftir greinum og þeir sem fara í starfsnám fá starfsréttindi að loknu námi. Í því samhengi er vert að huga að því hvort eðlilegt eða rétt geti verið að nemendur í starfsnámi útskrifist í einhverjum greinum á öðru og hærra hæfniprepi en bóknámsnemendur (þ.e. 4. þepi en ekki 3. þepi), eða hitt að hluti af þeirri starfsmenntun sem nú er kennd í framhaldsskóla flytjist á „fagháskólastig“ og nemendur útskrifist þá þaðan, hvar svo sem námið fer fram.

Ef ákveðið verður að stytta starfsnámið þarf að mörgu að hyggja.

- Með því að gera nám í grunnskóla markvissara og með því að hafa meiri sveigjanleika á milli skólastiga, þ.e. grunnskóla og framhaldsskóla, má stytta framhaldsskólanámið.
- Með því að nýta betur námsárið til bóklegar og verklegar kennslu má mögulega stytta námið. Leggja þarf áherslu á samfellu í námi þannig að nemendur geti lokið á tilsettum tíma.
- Starfsnámið þarf að vera skilvirkara. Það þarf að endurskoða lengd vinnustaðanáms m.t.t. greina.
- Jafna þarf möguleika þeirra sem búa á landsbyggðinni til að sækja starfsnám og hvernig því verði best fyrir komið (t.d. með kennslu í heimabyggð, fjarnámi og/eða með ferðastyrkjum og lotunámi utan heimabyggðar).

- Mikilvægt er að huga að samspili bók- og verknámsins og hvar stytting ætti að koma niður ef til kæmi.

Hér vill Alþýðusambandið áréttta sérstaklega að hugmyndin um samræmt próf eftir 9. bekk opni jafnt leiðir í bóknám og starfsnám í framhaldsskóla.

Drög að aðgerðaráætlun: LÆSI

Eins og sagði í upphafi þessa bréfs þá var aðilum frá launþegum ekki boðin þátttaka í samráðshópi er fjallaði um læsi. Niðurstöður vinnuhóps um læsið eru eingöngu miðaðar við skólakerfið. Ekkert er fjallað um að efla læsi fullorðinna né fullorðinsfræðslu, sem er þó hluti af heildstæðri menntastefnu og kemur það því verulega á óvart að **ekkert tillit sé tekið til framhaldsfræðslunnar** og hún ekki nefnd einu orði. Ef litið er á fjórðu tillögu læsishópsins; „*Auka samstarf við foreldra og auka áhuga á lestri - Foreldrar taki virkan þátt í lesþjálfun barna, þeir eru mikilvægasta fyrirmyndin*“ þá hljóta allir að velta fyrir sér hver sé hæfni foreldra til að styðja börn sín þegar kemur að læsi. Hvað ef foreldrar búa ekki yfir þeirri hæfni sjálf, hvernig eiga þeir að geta aðstoðað börn sín? Því söknum við aðgerða er lúta að **eflingu læsis fullorðinna**. Huga mætti að samstarfi við símenntunarmiðstöðvar í því sambandi.

Að lokum

Eins og kemur fram hér á undan er enn margt óutfært og óljóst varðandi þær tillögur sem eru til umfjöllunar á grundvelli Hvítbókarinnar. Annað er umdeilt. Það er því ljóst að mikil vinna er eftir við að hrinda úrbótum í framkvæmd til að að ná þeim markmiðum sem að er stefnt og ágæt sátt virðist vera um.

Í ljósi framanritaðs leggur Alþýðusambandið áherslu á að því verði boðið að koma með afgerandi hætti að frekari umræðu, ákvarðanatöku og framkvæmd þeirra aðgerða sem ráðist verður í. Til að vel takist til þá þurfa allir aðilar sem málið varðar, að koma að þeim með virkum hætti. Hvað varðar eflingu starfsmenntunarinnar sérstaklega, gegna verkalýðshreyfingin og samtök atvinnurekenda lykilhlutverki.

Virðingarfyllst
f.h. menntanefndar ASÍ


